

Nd.

548. Frumvarp til laga

[251. mál]

um getraunir.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til þess að stofna félag, Íslenskar Getraunir, sem afli fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum hins frjálsa framtaks áhugamanna um íþróttir í landinu, sem bundið er í félögum innan Ungmennafélags Íslands eða Íþróttasambands Íslands.

2. gr.

Félagið starfrækir getraunir, en með getraunum er átt við, að á þar til gerða miða — getraunaseðla, sem félagið eitt hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir).

Verð eininga (raða) eða miða ákveður stjórn Íslenskra Getrauna.

3. gr.

Helmingsi af heildarsöluverði raða eða miða skal varið til vinninga.

Vinningar getrauna eru undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

4. gr.

Íslenskum Getraunum skal stjórnað af fimm manna stjórn, sem sé skipuð einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila:

Íþróttanefnd ríkisins.

Stjórn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ).

Stjórn Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ).

Framkvæmdastjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR).

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Stjórnin skipti sjálf með sér verkum.

Starfstími stjórnarinnar er þrjú ár.

Þóknun til stjórnarinnar ákveður menntamálaráðuneytið og greiðist hún af Íslenskum Getraunum.

5. gr.

Reglur um starfrækslu getrauna setur menntamálaráðuneytið að fengnum tillögum um stjórnar Íslenskra Getrauna.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið hefur eftirlit með starfrækslu getrauna og gætir hagsmuna þátttakenda.

Kostnað við eftirlitið greiði Íslenskar Getraunir samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Að öðru leyti fer menntamálaráðuneytið með málefni getrauna.

7. gr.

Stjórn Íslenzkra Getrauna ræður félaginu starfsfólk og setur því erindisbréf. Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní.

Reikningar þess skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ársreikning ásamt ársskýrslu skal senda menntamálaráðuneytinu.

8. gr.

Stjórn Íslenzkra Getrauna ákveður, hverjum veitist söluumboð, og kveður á um sölulaun.

Ungmenna- og íþróttafélög eða samtök þeirra gangi fyrir um veitingu söluumboða innan íþróttahéraðs síns. Gerður skal samningur við handhafa söluumboðs.

Greiða skal stjórn héraðssambands 3% af heildarsölu í viðkomandi íþróttahéraði, enda staðfesti hún virka félagslega aðild umboðsaðila að samtökum sínum í íþróttahéraðinu.

9. gr.

Til kostnaðar við íþróttagetraunir skal teljast greiðsla til Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), sem sé að lágmarki 250 þús. kr., en 15 þús. kr. af hverri milljón heildartekna yfir 20 millj. kr. eða hluta úr milljón allt að því að greiðslan nemur 475 þús. kr.

Einnig teljist til kostnaðar 0.5% greiðsla af heildarsölu í varasjóð, sem Íslenzkar Getraunir eiga og nota til þess að mæta áföllum, sem félagið kann að verða fyrir.

10. gr.

Þegar vinningar, sölulaun og kostnaður hefur verið greiddur, skal ágóði skiptast þannig:

Til Íþróttasjóðs 10%.

Til Ungmennafélags Íslands 20%.

Til Íþróttasambands Íslands 70%.

11. gr.

Öllum öðrum en Íslenzkum Getraunum skal óheimilt að starfrækja getraunir, sem um ræðir í 3. gr. þessara laga. Enn fremur er óheimilt að starfrækja veðmála-starfsemi í sambandi við íþróttakeppni.

Brot á þessum ákvæðum varðar sektum allt að 100 þús. kr., sem greiðist í íþróttasjóð.

12. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

13. gr.

Leggist starfræksla getrauna niður, skulu eignir félagsins varðveitast hjá íþróttanefnd ríkisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 84/1940 og nr. 69/1952.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þróun getrauna á Íslandi.

Þegar millipinganefnd um íþróttamál starfaði á árunum 1938 til 1940 safnaði hún gögnum um íþróttamál nágrannaþjóðanna. Meðal þeirra gagna, sem nefndinni

bárust, voru upplýsingar um félag, sem nýlega hafði tekið þá til starfa í Svíþjóð og nefndist Aktiebolaget Tiptjänst. Nefndin dró þá ályktun af þeim upplýsingum, sem henni bárust, að með því að koma slíkri starfsemi á fót hér á landi þá mundi gefast tækifæri til nokkurrar fjáröflunar fyrir íþróttasjóð, sem nefndin hugðist láta stofna með tilkomu íþróttalaga. Jafnframt því, sem nefndin gekk frá tillögum að frumvarpi til íþróttalaga þá gekk hún frá tillögum að frumvarpi til laga um tekjuöflun fyrir íþróttasjóð. Þessi lög byggði nefndin fyrst og fremst á hinum sænsku upplýsingum um þá starfsemi, sem hún kallaði veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakappleiki.

Vegna heimsstyrjaldarinnar 1939—1945 þá var ekki hægt að afla þeirra gagna sem þurfti varðandi þessa sænsku starfsemi. Það var því ekki fyrr en á árinu 1948 að hafizt var handa að afla gagna um hið sænska félag. Um það sama leyti voru Danir að byrja rekstur hliðstæðrar starfsemi hjá sér. Var nákvæmlega fylgzt með undirbúningi þessara mála í Danmörku og þá einnig í Noregi, þegar Norðmenn hófu að starfrækja Norsk Tipping, sem þeir kölluðu þar í landi, til ágóða fyrir íþróttastarfsemi. Á árinu 1951 sækir íþróttanefnd ríkisins um leyfi til þáverandi menntamálaráðherra, að nefndin fái að kynna sér þessa starfsemi, bæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og jafnvel í Finnlandi. Þáverandi menntamálaráðherra, Björn Ólafsson, leyfði að þessi athugun færi fram og var Jens Guðbjörnsson fenginn til þess að fara til Noregs og kynna sér þessa starfsemi, sem þá strax gekk hér heima undir nafninu „getraunir“.

Í undirbúningi getraunarekstrar hér á landi tóku þátt fulltrúar frá Íþróttasambandi Íslandi og sérsamböndum þess, einnig frá þeim héraðssamböndum og íþróttabandalögum, sem náðist til, og svo líka stjórn Ungmennafélags Íslands. Eftir að gengið hafði verið frá reglugerð um getraunir, þá hófu þær raunverulega göngu sína þann 19. apríl 1952.

Á árunum 1952 til 1956 var starfrækt hér landi félagið Íslenzkar Getraunir á vegum íþróttanefndar ríkisins, samkvæmt fyrrnefndum lögum nr. 84/1940 um tekjuöflun til íþróttasjóðs. Þeir aðilar, sem að starfseminni stóðu gerðu sér miklar vonir um að með getraunastarfseminni öðlaðist íþróttahreyfingin og íþróttasjóður góðan og öruggan tekjustofn. Á þeim 174 vikum, sem getraunir voru starfræktar voru seldir alls 155 110 getraunaseðlar, eða að meðaltali 890 seðlar á hverri leikviku. Heildartekjur námu kr. 1 087 575.00. Þessi starfræksla var með sama fyrirkomulagi og tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Þrátt fyrir ötulleika starfsmanna Íslenzkra Getrauna náðist aldrei sú þátttaka, sem þurfti til þess að vinningar yrðu nógu aðlaðandi. Svo fór að rekstrinum var hætt og starfsemin gerð upp með 191 þús. kr. halla. Þeim ávinningi var þó náð með þessari starfrækslu, að þjóðin hafði kynnt hvað getraunir í sambandi við íþróttakappleiki eru. Dagblöð og hljóðvarp höfðu birt frásagnir um kappleiki og úrslit þeirra og blöðin höfðu fasta dálka um þá leiki, sem voru á getraunaseðlum. Einnig urðu til starfsmenn, sem fullkomlega kunnu að starfrækja getraunir.

Enda þótt þessi árangur hafi dregið úr trúnni á möguleika getraunarekstrar með þessu fyrirkomulagi, sem tíðkaðist á Norðurlöndum, voru hugmyndir um getraunir við og við að skjóta upp kollinum.

Hingað komu haustið 1958 þrír Englendingar til viðræðna um að koma upp útibúi hér á landi frá einhverju hinu stærsta getraunafélagi á Bretlandseyjum, Vernon Pools Ltd. í Liverpool. Sölustjóri fyrirtækisins gerði tilboð um rekstrarfyrirkomulag. Þessar fyrirætlanir um samvinnu við Bretana strönduðu á landhelgisdeilunni og ríkisstjórnin synjaði um leyfi.

Haustið 1967 leitaði svo Vernon Pools Ltd. aftur eftir samvinnu að rekstri getrauna og óskaði eftir nýjum athugunum á fyrra tilboði og hingað sendi það þetta tilboð í ársbyrjun 1968.

Vorið 1968 tjáðu Norsku getraunirnar (Norsk Tipping A/S) sig reiðubúnar til að taka upp samstarf og koma upp útibúi hér á landi. Tilboð frá þeim barst

siðar sama ár, en var talið óhagkvæmt að því leyti, að of stór hlutur yrði eftir í Noregi þess andvirðis, sem eftir verður þegar greiðslur vinninga og umboðslauna hafa verið inntar af höndum.

Haustið 1968 hófu tvö knattspyrnufélög í Reykjavík, Þróttur og Vikingur, getraunir meðal félagsmanna sinna, en annað þeirra hafði veturinn áður gert slíka tilraun, sem mistókst. Var fyrirkomulagið mjög einfalt: einföld röð með 12 leikjum var seld á kr. 25.00, og vinningshlutfall 60%. Í byrjun febrúar 1969 hóf Knattspyrnudeild Knattspyrnufélags Reykjavíkur einnig getraunarekstur með sama fyrirkomulagi og fór reksturinn út á opinn markað, með félagsmenn sem umboðsmenn. Starfsemin óx jafnt og þétt með viku hverri. Í marz var heildarsala þessara þriggja félaga orðin um 2500 seðlar.

Forseti Íþróttasambands Íslands og formaður Knattspyrnusambands Íslands ræddu við íþróttafulltrúa ríkisins um það, á útmánuðum 1969, hvort eigi væri möguleiki á því að koma getraunastarfseminni á að nýju. Vegna hins góða árangurs félaganna þriggja, sem gerðu tilraun um getraunarekstur, ráðgerðu önnur félög í Reykjavík að fara að dæmi þeirra og til þess að skapa þessari starfsemi lagalega heimild og samræma starfsemina, sótti stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur til íþróttanefndar ríkisins, í marzmánuði 1969, um leyfi fyrir getraunastarfsemi í Reykjavík. Hiin 24. marz var efnt til viðræðufundar með fulltrúum Íþróttasambands Íslands, Knattspyrnusambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur og íþróttafulltrúa ríkisins um rekstur getrauna með sama formi og knattspyrnudeildirnar þrjár höfðu tekið upp. Var íþróttafulltrúa ríkisins og framkvæmdastjóra Íþróttabandalags Reykjavíkur falið að gera athugun og áætlun um slíkan rekstur. Þeir sömdu áætlun og drög að starfsreglum og samningi og lögðu þessi gögn fram á fundi 28. marz, þar sem mættir voru fulltrúar frá sömu aðilum og hér að framan greinir. Á grundvelli þessara athugana voru gerðar tillögur að rekstrarsamningi milli hinna þriggja aðila og íþróttanefndar ríkisins.

Á grundvelli þessara athugana og frumdraga að samningi og starfsreglum var þess farið á leit við íþróttanefnd ríkisins, að hún aflaði leyfis hjá menntamálaráðuneytinu til þess að þessir fyrrnefndu aðilar gætu sett á fót rekstur getrauna hér á landi. Jafnframt var ákveðið að óska eftir tilnefningu frá fyrrnefndum aðilum í stjórnarnefnd. Þann 5. apríl 1969 var komið saman til fundar og var þá lagt fram viljrði menntamálaráðherra fyrir umbeðnu leyfi. Var nú tekið til við undirbúning að endanlegum samningi og reglugerð um getraunastarfsemi og reglugerðin samþykkt hinn 17. apríl af íþróttanefnd ríkisins og stjórnnum hinna þriggja sameignaraðila.

Þann 4. maí 1969 var svo hinn fyrsti getraunaseðill gefinn út og var það í tilefni af heimsókn Arsenal. Var ákveðið að getraunaseðlar yrðu gefnir út hálfsmánaðarlega fyrst um sinn. Eftirlitsmaður með getraunum, til að gæta hagsmuna þátttakenda, var skipaður af Íþróttanefnd ríkisins og var hann Axel Einarsson hrl. og hefur hann verið það síðan. Húsakynni fyrir starfsemina fengust í skrifstofuhúsnæði Íþróttabandalags Reykjavíkur, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Í undirbúningi öllum tók mjög virkan þátt framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur Sigurgeir Guðmannsson, sem verið hafði aðstoðarmaður Jens Guðbjörnssonar um rekstur getrauna á árunum 1952—56. Hann var sérlegur kunnáttumaður um allt varðandi getraunir. Sigurgeir var valinn til þess að annast framkvæmdastjórastörf getrauna jafnframt því, sem hann var framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Hinn 17. september 1969 var samþykkt á fundi hjá íþróttanefnd ríkisins, að segja upp samningi þeim, sem gerður var hinn 13. apríl 1969 milli íþróttanefndar ríkisins annars vegar og ÍSÍ, HSÍ og ÍBR. Var íþróttafulltrúa ríkisins jafnframt falið að taka upp viðræður við þessa aðila um nýjan samning.

Vegna þess að rekstrartímabilið er samfellt frá hausti til vors var samnings-tíminn framlengdur til bráðabirgða fram að sumarhléi. Samtímis var hafinn undir-

búningur að nýjum samningi og var hann undirritaður hinn 15. júlí 1970. Með honum er Ungmennafélag Íslands samningsaðili ásamt hinum fyrrtöldu þremur aðilum.

Helztu breytingar á samningnum voru þessar: hagnaðarhluti íþróttanefndar ríkisins felldur niður svo og hlutur KSÍ og ÍBR í hagnaði, en hagnaður skiptist framvegis þannig að ÍSÍ fengi 80% og UMFÍ 20%. Fyrir afnot af erlendum sem innlendum knattspyrnuleikjum skyldi greiðast KSÍ lágmarksgjald kr. 250 þús. en síðan 15 þús. kr. heildartekna fram yfir 20 millj. kr. en allt að því að hámarks-greiðsla á ári næmi 475 þús. kr. Til Íþróttabandalags Reykjavíkur skyldu greiðast 3% af heildarsölu bandalagsaðila þess, eins og ákveðið var í samningnum að greiða skyldi til allra þeirra héraðssambanda og bandalaga, sem ættu innan síns héraðs-sambands íþróttafélög sem starfræktu sölu á getraunaseðlum.

Þá var ákveðið að 0,5% af heildartekjum yrðu lögð í varasjóð til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum.

Hlutfall vinningsupphæðar var óbreytt frá því sem áður hafði verið, 50%, en tekinn var upp nýr vinningsflokkur, 2. vinningur. Til 1. vinnings skyldu renna 70% af upphæðinni, en til 2. vinnings 30%. Þá var lágmarksvinningur hækkaður úr 100 kr. í 1000 kr. þ. e. a. s. að vinningar sem voru undir þessari upphæð greiddust ekki, en jafnframt var tekið upp að miða fyrsta vinning við heilt og hálf þúsund, en annan vinning við heilt hundrað kr. Rétt er að geta þess, að þær upphæðir sem við þetta verða eigi útgreiðsluhæfar renna í jöfnunarsjóð, en jöfnunarsjóður er ekki eign getrauna, heldur eign þátttakenda og eftir vissum reglum er varið úr þessum sjóði til vinninganna.

Þegar menntamálaráðuneytið samþykkti hinn nýja samning, þá tók það fram, að endurskoðun færi fram á gildandi lögum um tekjuöflun til íþróttasjóðs og yrði þeirri endurskoðun lokið fyrir áramót 1970—71. Úr þessari endurskoðun varð ekki, eða réttara sagt henni varð ekki lokið eða komið vel áleiðis, svo að þegar leið að þeim tíma þegar samningur rynni út árið 1971 var þess farið á leit við ráðuneytið, að samningurinn framlengdist óbreyttur til jafnlengdar 1972. Var þetta leyft, en þó munnlega og dróst að fá skriflegt leyfi þar til að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hafði með bréfi, dags. 19. nóv. 1971, ritað menntamálaráðuneytinu sitt samþykki, því að komið hafði á daginn, að samkvæmt skiptingu mál-efnaflokka milli ráðuneyta skyldu getraunir falla undir eftirlit dóms- og kirkju-málaráðuneytisins. Ráðuneytið tilkynnti að það gæti fyrir sitt leyti falli á fram-lenginguna, en tók fram að það óskaði eftir að hraðað yrði endurskoðun á lögum nr. 84/1940.

Menntamálaráðuneytið ritaði íþróttanefnd ríkisins bréf 13. janúar 1972 og stað-festi það leyfi, sem ráðuneytið hafði veitt munnlega á árinu 1971, þ. e. leyfi væri veitt fram til 15. júlí 1972, en að endurskoðun fyrrnefndra laga yrði hraðað sem mest. Þann 7. janúar sl. ritaði stjórn Getrauna íþróttanefnd ríkisins bréf þess efnis, að hún óskaði eftir og rökstuddi að leyfið, sem rynni út 15. júlí 1972 yrði framlengt til 5 ára. Stjórn Getrauna var sent svar menntamálaráðuneytisins frá 13. janúar og jafnframt tekið fram, að íþróttanefnd ríkisins myndi óska eftir að endur-skoðun gildandi laga um tekjuöflun til íþróttasjóðs yrði framkvæmd. Íþróttafull-trúi ríkisins samdi tillögur að breytingum fyrrnefndra laga og þ. 18. febr. 1972 var fundur haldinn og boðaðir til hans fulltrúar frá Ungmennafélagi Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Knattspyrnusambandi Íslands, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, stjórn Getrauna og þar mætti svo íþróttanefndin sjálf. Fundurinn kaus svo þriggja manna nefnd sem í voru skipaðir íþróttafulltrúi ríkisins, formaður Getrauna, jafn-framt gjaldkeri Íþróttasambands Íslands og svo framkvæmdastjóri Ungmennafélags Íslands. Skyldu þeir vinna að því, að samræma þær tillögur, sem lagðar voru fram á fundinum og svo þær breytingartillögur sem fram hefðu komið í umræðunum. Á fundum með nefndum aðilum, bæði 3. og 4. marz var endanlega gengið frá til-lögum að frumvarpi til laga um getraunir og athugasemdum við frumvarpið.

Þann 1. jan. 1972 höfðu hinar endurvöktu getraunir selt 2.790.354 getraunaseðla á 101 söluviku frá 3. maí 1969.

Af um 70.0 millj. kr. heildarsölu hafa ungmenna- og íþróttafélögin með eljusemi sinni unnið félögum sínum inn 17.4 millj. kr. Íþróttabandalag Reykjavíkur og önnur héraðsambönd hafa fengið 2.0 millj. kr., Knattspyrnusamband Íslands 1.0 millj. kr., Íþróttasamband Íslands 4.2 millj. kr. og Ungmennafélag Íslands 906 þús. kr. Í heild hafa runnið til félaganna og samtaka þeirra um 25.5 millj. kr. eða um 36.4% af heildarsölu.

Íþróttasjóður hefur hlotið rúml. 1.0 millj. kr. og fyrirtækið sjálft á í vara-sjóði um 240 þús. kr.

Sankvæmt því, sem næst verður komið, nam kostnaður ungmenna- og íþróttafélaga og samtaka þeirra, stjórnar UMFÍ, framkvstj. ÍSÍ og hinna 10 sérsambanda þess rúml. 30.0 millj. kr. árið 1970 vegna þjálfunar, æfinga, rekstrarkostnaðar eða leigu íþróttamannvirkja og íþróttalegra samskipta innanlands og við útlönd.

Fjárfesting þessara sömu aðila 1970 í íþróttamannvirkjum nam 8.0 millj. kr.

Stjórnarkostnaður, tap á mótum, þegar tekjur og gjöld við þau eru uppgæð, gjöld til erlendra sambanda svo og kostnaður við önnur félagsstörf en íþróttir, mun hafa numið um 5.0 millj. kr.

Heildarkostnaður allra þessara félagsaðila íþróttahreyfingarinnar 1970 hefur því numið 43.0 millj. kr.

Upp í þennan kostnað voru 1970 veittir styrkir úr ríkissjóði (þar með talinn íþróttasjóður), bæjar- og sveitarsjóðum, að því sem næst verður komið 18—20.0 millj. kr. Félagssamtökin sjálf hafa því orðið að vinna sér inn fé og leggja fram þegnskaparvinnu, sem alls hefur numið 23—25 millj. kr. Talið er að skuldir í lok ársins 1970 hafi numið alls 5—7 millj. kr.

Áætlað hefur verið (samkv. greinargerð um fjárþörf íþróttahreyfingarinnar saminni haustið 1970), að fjárþörf íþróttahreyfingarinnar fyrir árið 1971 hafi numið 54.0 millj. kr.

Séu tekjur íþróttahreyfingarinnar á árinu 1970 af getraunum, 9.0 millj. kr., bornar saman við útgjöld íþróttahreyfingarinnar, sem hér að framan voru rakin og vörðuðu árið 1970 á að vera ljóst, að hana vantar enn fé til þess að mæta útgjöldum á eðlilegan hátt, hvað þá að hinni æskilegu fjárhagsafkomu sé náð.

Af þessum ástæðum er lagt til, að íþróttahreyfingin fái að starfrækja getraunir sér til fjáröflunar.

Fyrir 2½ ári fékk hún leyfi til þess að taka að sér þetta verkefni. Verður eigi annað sagt en að hún hafi tekið það feginsamlega og gripið það föstum tókum.

Athugun talna og annarra upplýsinga á fylgiskjali I á að sýna í stórum dráttum starfrækslu getrauna á tímabilinu 3.5. 1969 til 31.12. 1971.

Fylgiskjal II greinir frá því, hvernig ungmenna- og íþróttafélög hinna ýmsu héraðssambanda hafa aflað sér fjár (sölulaun) á sölu getraunaseðla.

Um 1. gr.

Í hliðstæðum lögum t. d. lögum um Hæppdrætti Háskóla Íslands er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að stofna til hins nefnda hæppdrættis. Aftur á móti er í lögum um hæppdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga og Dvalarheimilis aldradra sjómanna kveðið svo á, að viðkomandi samtökum veitist heimild til þess að stofna til nefndrar starfrækslu. Með því að heimildin veitist ríkisstjórninni til þess að stofna félag til starfrækslu getrauna, veitist starfsemið aukin ábyrgð og öryggi.

Lagt er til, að fjáröflun getrauna sé ekki gerð til tekjuöflunar fyrir íþróttasjóð, þar sem starfræksla þeirra þ. e. sala getraunaseðla hefur verið og er ráðgerð að verði borin uppi af þegnskaparstarfi ungmenna- og íþróttafélaga. Enn fremur eru rök fyrir þessari breytingu þau, að íþróttasjóður hefur aldrei getað styrkt sem skyldi, t. d. að 33%, kennslukostnað íþróttahreyfingarinnar af æfingum, þjálfun og rekstri eða leigukostnaði íþróttamannvirkja.

Í daglegu tali er heildarstarfsemi íþróttamanna nefnd „íþróttahreyfingin“. Í niðurlagi greinarinnar er átt við þetta hugtak, en réttara þótti að nota skilgreiningu 25. gr. íþróttalaga um það, svo eigi yrði um villzt hvaða íþróttaiðkunum fjáröflunin skuli þjóna.

Rétt þykir að taka upp í greinina nafn á félaginu, svo handhægara sé að gera mismun á verknaðinum „getraunir“ og svo félagi um starfrækslu „getrauna“.

Í 1. gr. laga nr. 84/1940 er þessi verknaður eða starfræksla nefnd „veðmála-starfsemi“. Þetta hugtak getur verið villandi og stafar af ókunnugleika þeirra, sem 1939 höfðu kynni af sænska Aktiebolaget. Þegar sams konar starfsemi og hin sænska hóf göngu sína hér 1952, var henni valið nafnið „Getraunir“. Lagt er til, að þessi nafngift sé tekin upp í lögin.

Um 2. gr.

Talið er nauðsynlegt, að fram komi lögfesting félaginu til handa á einkaleyfi á starfrækslu getrauna og í því sambandi komi fram skilgreining á því hvað getraunir eru. Þær getraunir, sem til þessa hafa verið starfræktar hérlendis hafa byggzt á því, að þátttakendur geta sér til um úrslit knattspyrnuleikja. Sigur á heimavelli (1), jafntefli (x) eða tap fyrir andstæðingunum, sem leika að heiman (2).

Einnig er gerð tillaga um einkaleyfi á sölu miða, sem nefndur er „getrauna-seðill“. Hefur hann hefðbundið form. Hann er í þrem hlutum. Ber hver sama númer, dagsetningu og raðtölu viðkomandi leikviku. Þá eru auðar línur fyrir nöfn og heimilisfang þátttakenda. Heldur þátttakandi einum hluta, en hinir tveir fara til skrifstofu félagsins. Annar hlutinn fer til geymslu hjá eftirlitsmanni en sá þriðji er notaður til úrvinnslu hjá starfsfólki félagsins. Á hverjum seðilshluta er skrá yfir tólf leiki og fyrir aftan þá reitir til þess að merkja á 1 - x eða 2. Reitir þessara tólf leikja kallast í daglegu tali „röð“. Ein röð er eining fyrir það sem selt er.

Slík starfræksla að getið er til um eitt eða annað í sambandi við íþróttakeppni kallast íþróttagetraunir. Fleiri gerðir eru til af íþróttagetraunum en sú, sem hér er að framan var lýst. Eigi þykir rétt að telja þær hér upp en taka það fram, að með orðinu íþróttagetraunir er átt við öll þau form getrauna, sem beita má í sambandi við íþróttakeppni.

Nú er svo komið t. d. á Ítalíu og í Vestur-Þýzkalandi, að íþróttagetraunir hafa þokað fyrir talnagetraunum. Í Hollandi eru báðar tegundirnar starfræktar til ágóða fyrir íþróttastarfsemi og í Finnlandi hófu finnsku Getraunirnar að starfrækja talnagetraunir jafnframt hefðbundnum íþróttagetraunum í sl. janúar og var þátttaka strax mikil. Rétt þykir því að lögfesta íþróttahreyfingunni slíka starfsemi, svo félagið megi breyta starfrækslu í það form, ef affarasælla þykir og tryggja það, að aðrir aðilar geti ekki tekið til við þess háttar getraunir.

Í talnagetraunum eru seðlar líkir og í íþróttagetraunum, nema í stað tólf leikja er markað á hvern seðilhluta reitaflötur líkt og skákborð. Fyrir hverja leikviku er hjá borgarlögmanni dreginn út ákveðinn fjöldi talna. Þessar tölur eru gefnar til kynna á seðlinum. Þátttakandi getur sér síðan til hvernig tölur seðilsins raðast á reitina. Í þar til gerðri vél, sem er undir eftirliti borgarlögmanns, er raðað í lok hverrar viku uppsláttartölum vikunnar í reitina, og birtir hann þá niðurröðun. Þeir, sem hafa verið svo getspakir að raða tölunum rétt á seðla sína hljóta 1. vinning eða hlutdeild í honum. Ef enginn hefur raðað öllum rétt, veitist þeim 1. verðlaun eða hlutdeild í þeim, sem næst hafa komizt því rétta.

Um 3. gr.

Gerð er tillaga um að lögfesta, að helmingi heildarsölu raða eða miða í hverri söluviku sé varið til vinninga. Þessi háttur hefur verið hafður hérlendis og sama er um upphæð vinninga hjá flestum erlendum getraunafélögum.

Síðari málsgreinin er efni laga nr. 68/1952 um skattfrelsi vinninga.

Um 4. gr.

Frá því að getraunir voru endurvaktar 1969, hafa þessar fjórar félagsheildir myndað stjórn þeirra. Samkomulag er um það meðal hlutaðeigandi aðila, að íþróttanefnd ríkisins eigi aðild að stjórninni. Þótti rétt, þar sem hér er um stefnumarkandi lagasetningu að ræða, að íþróttanefnd ríkisins hafi hlutdeild í stjórn félags þess, sem starfrækir getraunir.

Um 5. gr.

Starfræksla getrauna er háð mjög ýtarlegum og ströngum reglum. Þær reglur þykir rétt að séu samþykktar og gefnar út af stjórnvaldslegum aðila. Sá aðili sé menntamálaráðuneytið, sem samkv. 6. gr. skal fara með hinn félagslega hátt getrauna sem hver önnur íþróttamál.

Um 6. gr.

Samkvæmt auglýsingu um verkaskiptingu ráðuneyta, skal dómsmálaráðuneytið hafa með höndum eftirlit með starfrækslu getrauna og með því tryggja hagsmuni þátttakenda. Rétt þótti að binda þetta eftirlit ekki í lögum við einn eftirlitsmann eða trúnaðarmann, heldur hafa frjálsari hendur ráðuneytis um fyrirkomulag þess, því að eftirlitsstörfin þurfa að vera mjög virk vegna varðveislu seðilhluta, úrskurðar kærumála þeirra og vandamála, sem upp kunna að koma í hinum daglega rekstri.

Um 7. gr.

Efni málsliða þessarar greinar þarf eigi skýringar við nema þá ákvæði um reikningsskil. Á sumrin er hlé á ensku deildarkeppninni í knattspyrnu og starfsfólki getrauna gefið sumarleyfi. Á þessum tíma þykir hentugra að reikningsskil fari fram heldur en um áramót, þegar deildarkeppnin er starfrækt án hlés.

Um 8. gr.

Eins og fyrr getur, hefur sala getraunaseðla verið framtak ungmenna- og íþróttafélaga. Þykir mikilvægt að þau fái að beita eljusemi sinni við þetta, enda hljóti þau góð sölulaun fyrir, sem renna til félagsstarfsins og veiti því möguleika til meira framtaks við íþróttæfingar, starfrækslu íþróttamannvirkja og íþróttaleg samskipti innanlands og við útlönd.

Rétt þótti að hafa orðun um úthlutun söluumboða rýmri, svo stjórn Ísl. Getrauna gæti ráðstafað söluumboðum til annarra, ef félög í því íþróttahéraði vildu eða gætu eigi sinnt þeim. Vegna þess að uppgjör við skrifstofu Ísl. Getrauna er háð ströngum reglum og tímasetningu, þykir rétt að lögfesta ákvæði um samningsskyldu þeirra, sem hljóta söluumboð. Eigi þykir rétt að í lögunum sé kveðið á um sölulaun, því samkvæmt tilgangi laganna, að veita fé til íþróttastarfa félaganna, þá gæti stjórn Ísl. Getrauna ákveðið að greiða ungmenna- og íþróttafélögum hærrí sölulaun en þeim aðilum, sem hún kann að þurfa að fela söluumboð utan íþróttahreyfingarinnar.

Samkvæmt íþróttalögum er landinu skipt í íþróttahéruð og skulu öll þau félög, sem innan hvers héraðs vinna að íþróttamálum, bindast samtökum og heita þau samtök ýmist héraðssambönd eða íþróttabandalög.

Stjórnir þeirra eru yfir-aðilar félaganna. Samkomulag er um það, að fá lögbundin til þeirra 3% af heildarsölu félaganna í íþróttahéraði hvers og eins, enda séu þau stjórn og skrifstofu Ísl. Getrauna til aðstoðar um samvinnu við söluumboð félaganna og ábyrgist hina félagslegu aðild þeirra að íþróttasamtökum í héraðinu.

Um 9. gr.

Í þeim samningi, sem í gildi er nú um starfrækslu getrauna er sams konar ákvæði, sem hér er gerð tillaga um varðandi greiðslu til Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), vegna þess að knattspyrnuleikir eru lagðir til grundvallar getraun-

unum. Í gildandi reglum um getraunarekstur er ákvæði um varasjóð. Þykir rétt að fá það ákvæði lögbundið.

Réttara þykir að félagið geti safnað sér nokkru fé í varasjóð, til þess að standa undir greiðslum, sem hljóta af ófyrirséðum ástæðum, frekar en að taka það fé einvörðungu af rekstrarfé, sem hvern annan kostnað.

Um 10. gr.

Samkomulag varð um það, að til íþróttasjóðs renni fé af hreinum ágóða Ísl. Getrauna og samþykkti framkvæmdastjórn ÍSÍ að lækka hundraðstölu þá af ágóða (80%), sem sambandið nýtur í gildandi samningi um starfrækslu getrauna. Ágóðahlutur UMFÍ er óbreyttur (20%).

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar, nema þar sem lagt er til að veðmalastarfsemi í sambandi við íþróttakeppni sé lögbönnuð. Veðmalastarfsemi á mótsstað er mjög hættuleg starfrækslu móta og hefur erlendis dregið alvarlegan dilk á eftir sér. Er hún auk þess siðgæðislega mjög varhugaverð.

Um 12., 13. og 14. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

	1969	1970	1971 ³⁾	Til ípróttahreyfingarinnar	Til ípróttasjóðs
Sölutímabil	3/5—20/12	10/1—19/12	9/1—18/12		
Fjöldi söluvika	21	40	40		
Fjöldi seldra seðla	352 931	976 553	1 460 870		
Heildarsala	8 823 275.00	24 413 825.00	36 521 750.00		
Tekjur alls	8 855 742.80	24 558 920.75	18 260 875.00		
Greiddir vinningar	4 407 900.00	12 206 912.50	9 130 437.50	17 439 712.50	
Söluáun	2 205 818.75	6 103 456.25	5 639 000.00 ²⁾	6 497 192.90	1 036 885.70
Kostnaður	1 299 284.70	3 219 540.00	3 628 000.00		
Agóði	939 005.10	2 967 073.50			
Skipting ágóða:					
Knattsp.samb. Ísl. (KSÍ)	142 375.70	386 846.80	(475 000.00) ¹⁾	475 000.00	
Ípróttasamb. Íslands (ÍSÍ)	213 563.40	1 037 800.82	2 900 000.00		
Ípróttabandal. Rvíkur (ÍBR)	213 563.40	325 270.10			
Ípróttasjóður	369 502.60	667 387.10	728 000.00		(1 036 885.70)
Ungmennafél. Ísl. (UMFÍ)		178 133.68	(1 090 000.00) ¹⁾	1 090 000.00	
Héradssambönd (3%)		371 631.00			
				25 501 905.40	
				af 70.0 millj. kr. sölu eða 36.4%	

Athugasemdir:

- 1) Fé til ÍBR greiðist sem til annarra héradssambanda 3% af heildarsölu og framlag til KSÍ telst til kostnaðar.
- 2) Með i kostnaði '71 er framlag til KSÍ 475 þús. kr. og 3% af heildarsölu til héradssambanda 1.09 millj. kr.
- 3) Reikningur ársins 1971 er ekki enn að fullu gerður, svo að tölur, sem hér eru birtar aðrar en fjöldi seldra miða, heildarsala og söluáun eru bráðabirgðatölur.

Fylgiskjal II

	1969			1970			1971			
	Fjöldi seltra miða	Söluann	Fjöldi seltra miða	Söluann	Fjöldi seltra miða	Söluann	Fjöldi seltra miða	Söluann	Fjöldi seltra miða	Söluann alls
Reykjavík (ÍBR)	239 822	1 498 887.50	616 545	3 853 406.25	886 782	5 604 887.50	1 743-149	10 957 181.25		
Kópav., Kjósars., Garðahr., Bessast.hr. (UMSK)	13 697	85 605.25	36 123	225 768.75	74 045	462 781.25	123 885	774 155.25		
Vestmannaeyjar (ÍBV)	9 986	62 412.50	48 224	301 400.00	73 073	456 706.25	131 283	820 518.75		
Akureyri (ÍBA)	12 434	77 712.50	37 272	232 950.00	51 265	320 406.25	100 971	631 068.75		
Hafnarfjörður (ÍBH)	14 514	90 712.50	38 100	238 125.00	55 450	346 562.50	108 064	675 400.00		
Keflavík (ÍBK)	16 886	105 537.50	39 891	249 318.75	52 796	329 975.00	100 573	684 831.25		
Arnes- og Rangárv.s. (HSK)	8 708	54 425.00	25 734	160 837.50	45 096	281 850.00	79 538	497 112.50		
Gullbr.s. vestan Hafnarfjörðar (ÍB Suð- urn.)	7 827	48 918.75	19 673	122 956.25	31 876	199 225.00	70 626	371 100.00		
Neskaupst., Seyðisfj., S. og N.-Mál. (ÚLA)	4 151	25 943.75	18 788	117 425.00	31 559	197 243.75	54 498	340 612.50		
Akranes (ÍA)	6 653	41 581.25	22 076	137 975.00	27 104	169 400.00	55 833	348 956.25		
Borgarfjörðar- og Mýrasýsla (UMSB) ..	1 669	10 431.25	11 474	71 712.50	19 977	124 856.25	33 120	207 000.00		
Húsvík og S.-Þing. (HSP)	719	4 493.75	3 666	22 912.50	12 525	78 281.25	16 910	105 687.50		
Snæf.- og Hnappadalss. (HSH)	1 576	9 850.00	6 477	40 481.25	11 124	69 525.00	19 177	119 856.35		
Eyjafjarðarsýsla (UMSE)	1 981	12 381.25	11 411	71 318.75	10 503	65 643.75	23 895	149 343.75		
Ísafjörður og hluti N.-Ís. (ÍBÍ)	3 166	19 787.50	7 580	47 375.00	8 350	52 187.50	19 096	119 350.00		
Ólafsfjörður (ÍBÓ)	1 176	7 350.00	3 767	23 543.75	8 918	55 737.50	13 861	86 631.25		
V.-Ísafjarðars. (HVÍ)	1 485	9 281.25	8 714	54 525.00	9 411	58 818.75	19 610	122 625.00		
A.-Skafafellss. (UMS Úhl.)	197	1 231.25	1 436	8 975.00	5 773	36 081.25	7 406	46 287.50		
V.-Burb. (UMS Hrafnalóki)	229	1 868.75	1 842	11 512.50	4 984	31 150.00	7 125	44 531.25		
Sauðárkr. og Skag. (UMSS)	1 139	7 118.75	4 175	26 093.75	4 660	29 125.00	9 974	62 337.50		
V.-Skafafellss. (USVS)	642	4 012.50	2 442	15 262.50	3 067	19 168.75	3 067	19 168.75		
A.-Húnav.s. (USAH)					2 841	17 756.25	5 925	37 031.25		
Strandasýsla (HSS)					4 961	31 006.25	4 961	31 006.25		
N.-Þingeyjarsýsla (UNP)	807	5 043.75	1 292	8 075.00	848	5 300.00	848	5 300.00		
V.-Húnavatnussýsla (HSVH)			1 723	10 768.75	3 313	20 706.25	5 412	33 825.00		
Dalassýsla (UMSD)	3 397	21 231.25	8 118	50 737.50	1 634	10 212.50	3 357	20 981.25		
Siglufjörður (ÍBS)					8 935	55 843.75	20 450	127 812.50		
	352 931	2 205 815.50	976 553	6 103 456.25	1 460 870	9 130 437.50	2 790 354	17 439 709.25		